

# Lög

um

## kaup landsstjórnarinnar á síld.

Nr. 8  
30. júlí

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

### 1. gr.

Af síld þeirri, er innlendir menn veiða hjer við land á tímabilinu frá 15. júlí til 15. september 1918, heimilast landsstjórninni að kaupa 100 þúsund áfylltar tunnur á tilteknum höfnum með ákvæðisverði og þeim skilmálum, er lög þessi að öðru leyti ákveða.

### 2. gr.

Síldin skal keypt því ákvæðisverði, er hjer greinir:

Fyrri 50000 tunnurnar á 75 aura hvert kg. og síðari 50000 tunnurnar á 45 aura hvert kg.

Skilyrðin fyrir kaupunum eru þessi:

- a. að seljandi hafi fulla ábyrgð á síldinni þangað til hún er tekin á viðkomandi höfn, haldi henni við með þæklun og hafi fulla umsjón með henni, alt án endurgjalds, til ársloka 1918. Eftir þann tíma er síldin á ábyrgð kaupanda, en seljendur eru skyldir til að hafa á höndum umsjón og viðhald sildarinnar, gegn borgun eftir reikningi, er stjórnin samþykkir, en geymslupláss leggur seljandi til ókeypis
- b. að seljendur annist á eigin kostnað útskipun á síldinni og greiði útflutningsgjald af henni að lögum.
- c. að síldin sje metin og vegin, svo sem lög standa til, á kostnað seljanda.

### 3. gr.

Síldin sje keypt á þessum stöðum: Seyðisfirði, Eyjafirði, Siglufirði, Reykjarfirði, Önundarfirði og Ísafjarðarkaupstað. Ennfremur getur landsstjórnin gert kaupin á fleiri höfnum, ef það veldur eigi sjerstökum erfiðleikum eða aukakostnaði, t. d. Eskifirði, Álftafirði og Ingólfsfirði.

### 4. gr.

Síldin skal keypt af hinum ýmsu frambjóðendum í rjettum hlutföllum við tunnueign þeirra, eins og hún var hjer á landi 1. júní þ. á.

Nr. 8 Þegar ákveðin er hlutdeild frambjóðenda í sölunni, koma — auk fram-  
30. júlí leiðenda — þeir einir sildarkaupendur til greina, sem hafa greitt minst 20 krónur fyrir máltunnu nýrrar sildar.

## 5. gr.

Fyrir 31. júlí 1918 skulu menn hafa sagt til um það, hvort þeir óski að nota þann rjett til sildarsölu, sem þeim er veittur með lögum þessum, og hve miklar tunnubirgðir þeir hafa átt hjer á landi 1. júní þ. á.

Fyrir sama tíma setur landsstjórnin og auglýsir nánari reglur um framkvæmd laga þessara og skilyrði gagnvart seljendum, svo sem henni þykir nauðsyn til.

## 6. gr.

Verð sildarinnar greiðist seljendum hlutfallslega eftir tunnutali því, sem kaup eru gerð á, jafnótt og landsstjórnin hefir fengið verð fyrir sild, er hún selur út. Nú hefir hún eigi fengið inn fyrir árslok svo mikið, að nemi helmingi af innkaupsverðinu, og skal hún þá eigi að síður greiða seljendum fyrri helming verðsins að fullu og síðari helminginn fyrir 1. júlí 1919.

## 7. gr.

Nú verður að lokum, þá er landsstjórnin hefir komið í verð allri þeirri sild, er hún hefir keypt samkv. 1. gr., hagnaður af sildarkaupunum, eftir að dreginn er frá kostnaður og vaxtatap, og skiftist hann þannig, að  $\frac{4}{5}$  greiðist til seljenda sildarinnar, en  $\frac{1}{5}$  rennur í landssjóð.

## 8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Marselisborg, 30. júlí 1918.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sigurður Jónsson,*